

Reykjavík 20. mars 2020

## I. STARFSFÓLK og SÓTTKVÍ

Sóttkví er notuð þegar einstaklingur hefur mögulega smitast af sjúkdómi en er ekki ennþá veikur sjálfur. Tilgangur með sóttkví er að lágmarka áhættu á smiti/dreifingu Covid-19 og því **mjög nauðsynlegt** að fylgja þeim lögum sem sett hafa verið.

Almenna reglan er sú að **ENGIN ÞJÓNUSTA ER VEITT** inn á heimili notenda í sóttkví nema um **LÍFSNAUÐSYNLEGA ÞJÓNUSTU** sé að ræða.

Börn í sóttkví skulu vera í umsjá foreldra/forráðamanna.

## II. Um sóttkví gildir

Takmarka skal snertingu við þann sem er í sóttkví eins og raunhæft er.

Hafa skal **sér salerni** fyrir þann sem er í sóttkví – annars hreinlæti, skv. tilmælum SL/Covid.is

## III. **EF LÍFSNAUÐSYNLEGT** þá þarf undanþágu frá Sóttvarnarlækni

Þjónustan skal vera í algjöru lágmarki.

**Sömu þjónustuveitendur** inn á heimili í sóttkví eins og hægt er og eins  **fáir veitendur** eins og hægt er.

Biðja skal viðkomandi þjónustuþega að mæla líkamshita alla morgna.

Hringja skal fyrir heimsókn og athuga hvort viðkomandi hefur einhver einkenni Covid-19, s.s. hósta, hita, beinverki.

Halda skal a.m.k. 2 metra fjarlægð, eða eins og hægt er, skv. tilmælum sóttvarnarlæknis.

Ef þarf aðstoð við bað eða aðra umönnun þá hanskar / plastsvunta (fæst í rekstrarvörum/BYKO)

Gæta skal ítrasta hreinlætis skv. leiðbeiningum og þvo hendur og nota spritt nokkrum sinnum á meðan á þjónustu stendur.

Æskilegt væri að skipta um föt/sturta og/eða góðan handþvott um leið og komið er út af heimili.

Æskilegt að nota klæðnað sem má þvo á 60°C eftir að þjónustu lýkur.

## IV. **SÓTTKVÍ B** (sé komin undanþága)

**Sækja verður um undanþágu frá heimasóttkví til EL. Sóttvarnarnefnd velferðarsviðs veitir ráðgjöf hvort talið sé að um bráðnauðsynlega þjónustu sé að ræða.**

Við sérstakar aðstæður, þegar aðrar leiðir eru ekki færar, kann að koma til þess að sérhæfðir starfsmenn í sóttkví sem sinna lykilþjónustu s.s. umönnun fatlaðra einstaklinga sem eru líka í sóttkví eða við innviði samfélagsins fái heimild til að snúa til vinnu að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Slík sóttkví kallast Sóttkví B til aðgreiningar frá hinni almennu sóttkví.

**Þetta á við þegar starfsmaður, sem er sjálfur í sóttkví, sinnir áfram íbúa sem hann hefur sinnt áður og er í sóttkví.**

EF EINSTAKLINGUR Í SÓTTKVÍ FÆR EINKENNI EINS OG HITA, HÓSTA EÐA BEINVERKI EÐA EINHVER GRUNUR VAKNAR UM AÐ VIÐKOMANDI GÆTI VERIÐ VEIKUR, ÞÁ SKAL HAFA SAMBAND VIÐ S. 1770 EÐA NÆSTU HEILSUGÆSLU.

Ef yfirmaður telur LÍFSNAUÐSYNLEGT að sótt sé um undanþágu fyrir starfsmenn að sinna einstaklingi inná heimili sem er í sóttkví skal senda ítarlega beiðni á sóttvarnarnefnd á netfangið:

[eyrun.valsdottir@reykjavik.is](mailto:eyrun.valsdottir@reykjavik.is)

Vinsamlegast athugið að lágmarka persónugreinanlegar upplýsingar eins og framast er unnt.